

**Auglýsing af vef Reykjavíkurborgar ódags. um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík, Laugardalur – austurhluti.**

**Laugardalur - austurhluti**

[Breyting á deiliskipulagi](#)

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Laugardalur – austurhluti**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. febrúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. febrúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **4. mars 2020 til og með 15. apríl 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 15. apríl 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**